

Jólasveinn úr garni



Hæð um 45 cm

Efni: Rautt og hvítt garn, tvær bláar tréperlur, járnhringur (15 cm í þvermál), hvítur og svartur bandspotti.

Áhöld: Skæri.

Aðferð: Mælið 30 cm langan hvítan garnspotta og klippið. Leggið saman enda hans og sléttið úr. Takið járnhring og komið endunum saman í gegnum lykkju utan um hringinn og strekkið (sjá myndir). Síðan er hver garnspottinn á fætur öðrum þræddur á járnhringinn þar til hvítir garnspottar hafa þakið rúman hálfan hringinn. Það sama er gert með 40 cm löngum rauðum garnspottum og er hringurinn kláraður. Fjöldi garnspotta í skeggi og húfu jólasveinsins hér var ekki talinn, heldur smekkur látinn ráða. Takið næst rauðan garnspotta og bindið utan um alla rauðu garnspottana til að mynda dúsk á húfuna. Til að mynda augu á sveininn er blá tréperla þrædd upp á annan enda á svörtum bandspotta og er hinn endinn síðan festur í járnhringinn undir húfu. Það sama er gert við aðra perlu. Í lokin er hvítur bandspotti festur utan um dúskinn til að hægt sé að hengja jólasveininn upp.



Gangi ykkur vel 😊